

ekki hægt að segja, hvort þessi roði er afleiðing af tilraunum til samfara eða stafi af einhverju öðru.

Um ákærða segir héraðslæknirinn, að hann sé hvorki brjálaður eða fábjáni, en virðist vera dálítið „senil“ og eigi erfitt með að halda sér við það, sem verið er að tala um. Hugmyndir hans um „moral“ virðast sérkennilegar. Kynfæri hans bera ekki vott um neina sjúkdóma. Segir héraðslæknirinn, að ákærði sé fær um að taka út hegningu.

Brot ákærða ber að færa undir 174. sbr. 177. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun fyrrv. bæjarfógeta Steingrími Jónssyni, kr. 60.00.

Á máli þessu hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Vagn Pétursson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns síns, fyrrverandi bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dóminum að (svo) fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1940.

Nr 106/1939. Réttvísinn (Lárus Jóhannesson)

gegn

Sigurði Thórarensen og Þorkeli Steinssyni

(cand. jur. Ólafur Þorgrímsson).

Tveir lögregluþjónar dæmdir til refsingar eftir 126., 129. og 144. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn í máli þessu er kveðinn upp af Ísleifi prófessor Árnasyni samkvæmt konunglegri umboðsskrá 8. des. 1938.

Það virðist mega telja sannað, að ákærði Sigurður Thórarensen hafi ekki farið að Karli lækni Jónsyni, þegar hann bauð Karli að hætta að syngja í anddyrinu á Hótel Borg, með þeirri lipurð eða prúðmennsku, er lögreglumanni hæfir, eftir því sem á stóð. Og framferði Karls, svo sem því er lýst af sjónarvottum, eftir að ákærði hafði skipað honum að hætta að syngja — en Karl kveðst ekki hafa veitt þeirri skipun eftirtekt — virðist ekki hafa verið þannig lagað, að það hafi veitt ákærða næga ástæðu til þess að leggja þegar í stað á hann hendur með þeim hætti, sem í héraðsdóminum segir. Áður en til slíkra aðgerða kæmi, bar ákærða að reyna að ná takmarki sínu með vægara móti. Í stað þess færir ákærði, Sigurður, Karl með aðstoð meðákærða, Þorkels Steinssonar, viðstöðulaust með valdi út og inn í lögreglubífreiðina. Leggja þeir járn á hendur honum og aka umsvífalaust með hann upp að hegningarhúsi, án þess, eftir því sem hinir ákærðu segja, að leita sér vitneskju um það, hver maðurinn var, eða hvar hann átti heima, og því án þess að veita honum kost á að fara heim til sín með eða án atbeina hinna ákærðu. Framferði Karls eða áfengisáhrif virðast ekki hafa réttlætt slíka meðferð nægilega. Verður því að telja hina ákærðu hafa gerzt seka við 126. og 129. gr. almennra hegningarlaga með handtöku Karls og meðferð á honum í sambandi við hana, eins og í héraðsdóminum segir.

Á því, hvernig standi á bólgugarði þeim aftan á hálsi Karls, er í læknisvottorði í héraðsdóminum getur, hefir engin skynsamleg skýring fengizt, nema sú, að bólgan stafi af höggi af lögreglukyflu eða svipuðu tæki. Máttleysi Karls og nær algert rænuleysi, er komið var með hann í varðhaldið aðeins

örfáum mínútum eftir handtökuna, verður varla með öðrum hætti skiljanlegt en þeim, að hann hafi fengið eitthvert verulegt áfall, er svipti hann mætti og rænu, meðan hann var í bifreiðinni, enda þótt ekki séu gegn neitun hinna ákærðu leiddar sönnur að því, hvort þeir, annar eða báðir, eigi sök þar á, að einhverju leyti eða öllu. En hitt mátti báðum hinum ákærðu vera ljóst, að máttleysi og rænuleysi Karls í fangahúsgarðinum og síðan í fangahúsinu gat ekki stafað einvörðungu af áfengisnautn hans, heldur af einhverri annarri orsök. Eins og á stóð, verður því að telja hina ákærðu hafa gerzt seka um stórkostlegt hirðuleysi, er við 144. gr. almennra hegningarlaga varðar, með því að skilja Karl einan og hjálparvana eftir í læstum fangaklefa, þar sem hann var látinn vera að nóttu til um 9 klukkustundir eftirlitslaus.

Fyrir framanskráð brot þykir refsing ákærða Sigurðar Thórarensens hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 25 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. En refsing ákærða Þorkels Steinssonar þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar þykir mega staðfesta. Svo verður að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Héraðsdómarinn tók málið til dóms þann 17. maí 1939, en dóm kvað hann upp 19. sept. s. á., eða

rúmum 4 mánuðum síðar. Þann drátt, sem ekki er nægilega réttlættur, verður að átélja.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurður Thórarensen greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, en ákærði Þorkell Steinson 200 krónur í sama sjóð. Ef sektirnar verða ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, þá afpláni ákærði Sigurður sína sekt með 25 daga einföldu fangelsi, en ákærði Þorkell sína með 12 daga fangelsi sömu tegundar.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar skal vera óraskað. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Lárusar hæstaréttarmálflutningsmanns Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar cand. jur., 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. sept. 1939.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Thórarensen, lögregluþjóni, Vífilsgötu 12, og Þorkeli Steinsyni, lögregluþjóni, Holtsgötu 14 A, báðum hér í bænum, fyrir brot gegn 13. og 18. kapitula hegningarlaganna frá 25. júní 1869.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögdalur sakamanna. Er ákærði Sigurður fæddur 8. júní 1907 að Kirkjubæ í Rangárvallasýslu og ákærði Þorkell fæddur 29. nóvember 1897 að Miklaholti í Árnessýslu. Hefir ákærði Sigurður hinn 3. nóvember 1930 undirgengizt 5 króna sekt í lög-

reglurétti Reykjavíkur fyrir bjölluleysi á reiðhjóli, en ákærði Þorkell hefir ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudagskvöldið 26. október s. l. um kl. 11½ var hringt frá Hotel Borg á lögregluvarðstofuna hér og beðið um lögregluaðstoð vegna óspekta, er orðið höfðu inni í veitingasalnum, svo og vegna þess, að einn þeirra manna, er óspektunum olli, hafði ekki viljað greiða veitingareikning sinn. Fóru hinir ákærðu, Sigurður og Þorkell, þegar í stað í lögreglubífreiðinni til veitingahússins til aðstoðar. Er þeir komu inn í innra anddyri veitingahússins, voru þeir menn, sem óspektunum höfðu valdið, komnir þangað innan úr veitingasalnum og orðnir rólegir. Var ákærðu þá bent á mann þann, sem ekki hafði greitt veitingaskuld sína, og tóku þeir hann tali í því skyni að jafna ágreininginn milli hans og þjóns þess, sem hafði afgreitt hann. Maður þessi virðist hafa verið allmikið undir áhrifum vins, því að, meðan á viðræðum þessum stóð, æstist hann og tókst að gefa þjóni þeim, sem hann skuldaði og þátt tók í samræðunum, utan undir, en lítið varð úr högginu. Ákærði Þorkell viðurkennir að hafa séð þessa árás á þjóninn, en ákærði Sigurður neitar að hafa tekið eftir henni, en kveðst muna, að sláttur hafi verið á manni þessum, og hann hafi því tekið í hann og sagt honum að láta ekki svona. En í þeim svifum, sem umrætt tilræði við veitingaþjóninn var gert, tók maður að syngja í krik-anum við fataafgreiðsluborðið í anddyrinu. Beindist þá at-hygli og aðgerðir hinna ákærðu að honum, eins og hér á eftir segir, og skiptu þeir sér eftir það ekki frekar af því, sem um getur hér á undan.

Þetta sama kvöld höfðu þeir Karl Jónsson, lækni, og Baldur Björnsson, skósmiður, setið að tafli á heimili Karls, Túngötu 3 hér í bænum, frá því kl. tæplega 8 til kl. 10½. Á þessu tímabili drukku þeir saman, að því er þeir segja, ca. 2—2½ pela af ákaviti, er Karl átti heima hjá sér. Um kl. 10½ um kvöldið fóru þeir niður á Hótel Borg og fengu sér þar te og tvö glös af koniaki hvor. Settu þeir koniakið út í teið og drukku blönduna sem toddý. Tók hvert glas 4 centilítra. Er lokunartími veitingahússins var kominn, eða rúmlega kl. 11½, fóru þeir fram í and-

dyrið til þess að taka yfirhafnir sínar. Varð Baldur fyrri til að fá fót sín afhent, og hélt hann þegar til dyra. Er Karl hafði tekið við fötum sínum hjá afgreiðslustúlkunni í fatageymslunni, fékk hann henni þau aftur og ætlaði inn í veitingasalinn, en þegar stúlkan hafði bent honum á, að allir gestir væru farnir þaðan, tók hann við fötunum á ný og fór í þau. En meðan hann var að fara í yfirhöfnina, tók hann að syngja fullum rómi. Skipaði ákærði Sigurður honum þá hranalega að þegja, en Karl herti sönginn, enda þótt gera verði ráð fyrir því, eftir því sem fram hefir komið, að hann hafi hlotið að heyra skipunina eins og aðrir viðstaddir. Hinum ákærðu og sjónarvottum ber nú ekki saman um það, hvað næst hafi gerzt. Hafa báðir hinir ákærðu staðhæft það, að Karl hafi, þegar ákærði Sigurður skipaði honum að þegja, reitt höndina til höggs og ætlað að slá Sigurð, og hafi þá Sigurður neyðzt til að grípa um hönd hans til þess að firra sig högginu. Telja ákærðu, að þetta hafi verið upphaf viðureignar þeirra við Karl, er síðan leiddi til handtöku hans.

Hinsvegar hafa 3 vitni borið það, og hafa 2 þeirra staðfest framburð sinn með eiði, að ákærði Sigurður hafi, er Karl hélt áfram að syngja, eftir að honum hafði verið skipað að þegja, gripið annarri hendi fyrir munn honum til þess að stöðva söng hans. Hafi Karl þá reynt að losa sig, en úr því hafi orðið stimpingar milli þeirra. Annað vitnanna, fataafgreiðslustúlkan á veitingahúsinu, er hafði sérstaklega góða aðstöðu til að sjá, hvað gerðist í umrætt skipti, þar sem hún var stödd í fatageymslunni, er viðureignin hófst í krikanum fyrir framan við afgreiðsluborðið, hefir borið allnákvæmlega um það atriði og verið ákveðin í framburði sínum. Kveður þetta vitni, að auk þess sem ákærði Sigurður hafi tekið fyrir munn Karli, hafi hann gripið um vinstri hönd hans og sveigt hana aftur fyrir bak og upp undir herðablað. Þekkti vitnið ekki ákærða Sigurð í það sinn, en setti á sig lögregluþjónsnúmer hans, 38, vegna þess, hve því þótti hann koma hörkulega og hranalega fram. Ekkert af vitnum þeim, sem leitt hefir verið við rannsókn málsins, kveðst hafa séð Karl gera tilraun til að slá ákærða Sigurð.

Það þykir verða að leggja vitnaframburðinn til grundvallar um tildrög og upphaf viðureignar ákærða Sigurðar

og Karls. Að visu undirgekkst Karl morguninn eftir, eða 27. okt. s. l., 100 króna sekt í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir ölvun og tilraun til að slá lögreglubjón. En fyrir því hefir hann gert þá grein, að liðan sín hafi verið svo slæm, að hann hafi ekki haft sinnu á að mótmæla efni kæru, er ákærði Sigurður hafði skrifað á hendur honum útaf framkomu hans kvöldið áður á Hótel Borg og lögð var fram í réttinum, heldur hafi hann hugsað um það eitt að komast sem fyrst í rúmið aftur. Í réttarhaldi þessu fór engin rannsókn fram á því, hvort efni kærunnar á hendur Karli væri rétt, önnur en sú, að kæran var borin undir hann, með því að Karl gaf ekkert tilefni til frekari rannsóknar. Verður því framkoma Karls í réttarhaldinu ekki talin hnekkja vitnaframburðunum um það, hvað gerðist milli hans og ákærðu kvöldið áður. Er ákærði Sigurður og Karl voru komnir í ryskingar fyrir framan fataafgreiðsluborðið, kom ákærði Þorkell að vörmu spori Sigurði til aðstoðar. Náðu ákærðu fljótlega yfirhöndinni í viðureigninni og tókst eftir nokkrar stimpingar að koma Karli út úr veitingahúsinu og inn í lögreglubifreiðina, er stóð fyrir utan. Virðist Karl í þeirri viðureign hafa veitt mótspyrnu eftir megni. Er inn í bifreiðina kom, settu ákærðu hann í handjárn og óku af stað. Um það, hvað gerðist, frá því handjárnin voru sett á Karl, og þar til ákærðu komu með hann að hegningarhúsinu, eru þeir einir til frásagnar.

Halda ákærðu því fram, að eftir að handjárnin voru komin á hann, hafi hann verið rólegur. Hafi ákærði Sigurður setið hjá honum aftur í lögreglubifreiðinni, en ákærði Þorkell hafi sezt undir stýri og ekið sem leið liggur að hegningarhúsinu. Er þangað kom, hafi þeir svo tekið hann út úr bifreiðinni og leitt hann milli sín inn í austurportið. Í portinu hafi þeir báðir sleppt af Karli, hafi ákærði Sigurður gengið að dyrum fangahússins til þess að hringja á fangavörðinn, en ákærði Þorkell farið að loka portdyrunum. En er Karl hafi ekki notið stuðnings þeirra, kveða ákærðu, að hann hafi tekið bakfall upp að portveggnum og fallið niður með honum. Þeir hafi þá báðir verið það langt frá Karli, að þeir hafi ekki náð til hans til þess að afstýra fallinu. Í þessum svifum kveikti fangavörðurinn og opnaði fangahúsið. Tóku ákærðu þá

Karl, báru hann inn í ganginn og settu hann flötum beinum á gólfið upp við gangvegginn. Voru nú handjárnin tekin af honum, hann klæddur úr jakkanum, og tekin af honum flibbi og bindi og þau verðmæti, er hann hafði meðferðis og þetta fengið fangaverðinum til geymslu. Báru ákærðu hann síðan inn í klefa nr. 11 og lögðu hann í svokallaða kistu. Er það alldjúpur stokkur, opinn upp úr og festur í einu horni klefans, og eru venjulega lagðir í hann menn, sem teknir eru ölvaðir og í æstu skapi. Við meðferð Karls í fangahúsinu tóku ákærðu og fangavörðurinn eftir því, að blóð var á hnakka Karls. Þvoðu þeir þá hnakka hans til þess að aðgæta meiðslið, en virtist það ekki vera alvarlegt, heldur aðeins yfirborðs skráma. Er ákærðu höfðu lagt Karl í kistuna, varð honum flökurt, og kastaði hann upp. Bað hann þá, að því er fangavörðurinn heldur fram, um vatn að drekka, og var látið það í té. Yfirgáfu ákærðu og fangavörður síðan klefann eftir að hafa hagrætt Karli í kistunni og breitt yfir hann. Frá því að Karl féll í portinu og þar til ákærðu og fangavörður yfirgáfu hann um kvöldið, var hann meðvitundar- og máttlitill. Töldu þeir það stafa af því, hve drukkinn hann væri.

Er fangavörðurinn kom inn í klefan morguninn eftir um 9 leytið, lá Karl í eðlilegum stellingum í kistunni. Kvartaði hann þá fljótlega um það, að sér liði mjög illa og lá kyrr í klefanum, þar til síðar um morguninn, að hann mætti í réttarhaldi því, er getið er um hér að framan. Að réttarhaldinu loknu, fékk hann að fara í rúmið (kistuna) aftur og lá þar fram undir hádegi, en fékk þá bifreið að fangahúsinu og var ekið í henni heim til sín. Lagðist hann, er heim kom, í rúmið og lá rúmfastur um nokkurt skeið. Daginn, sem Karl kom úr fangahúsinu, var hann skoðaður af Valtý Albertssyni lækni og næsta laugardag, eða 29. okt. s. l., aftur af Jóhanni Sæmundssyni lækni. Samkvæmt vottorðum lækna þessara fundust þá á honum eftirgreindir áverkar:

1. Aftan á hnakka 5×6 centimetra stór kúla, og var húðin yfir henni hrufluð og blóðhlaupin.
2. Bólguarður þvert yfir háls að aftan, neðan hársróta, ca. 15 centimetra á lengd og 3—4 centimetrar á breidd.
3. Á hægri þumalfingri var dofinn blettur handarbaksmeigin á útjaðri fingursins. Ennfremur var þar skorpu-

bakið hruflsár í greipinni og efst á lófavöðva þumal-fingurs.

4. Neðanvert við rifjahylkið aftan til vinstra megin (í brúninni á hryggjavöðvunum) var barnslófastór mar-blettur og bólguþroti.
5. Undir hægri hönd barnslófastór þrotablettur, en ekk-ert mar.
6. Framan á hægri fótlegg var 15 centimetra langt skrap-sár og neðst í því tvíeyringsstórt skorpupakið sár.

Af liðan og umkvörtunum Karls við læknisskoðanirnar drógu læknarnir ennfremur þá ályktun, að hann hefði fengið allverulegan heilahristing.

Með handtöku Karls læknis að Hótel Borg með þeim aðdraganda og hætti, sem lýst er hér að framan, þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir við 126. og 129. sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Að vísu virðist Karl hafa verið talsvert undir áhrifum vins í umrætt skipti, og hann óhlýðnaðist skipun ákærða Sig-urðar um það að þegja. En eigi þykir þetta geta réttlætt hina ofbeldisfullu handtöku hans og fangelsun. Sérstak-lega má á það líta, að Karl hafði hagað sér kurteislega í veitingasalnum um kvöldið, og þegar hann hóf sönginn, var hann í þann veginn að yfirgefa veitingahúsið, en þaðan virðast þá allir gestir vera farnir, nema maður sá, sem ákærðu höfðu verið kallaðir útaf. Þá hafa báðir á-kærðu borið það, að Karl hafi verið rólegur, eftir að hand-járnin komu á hann. Virðist það því hafa verið ástæðu-laus öryggisráðstöfun af ákærðu að fara með Karl í fanga-húsið og láta geyma hann þar yfir nóttina í stað þess að fara með hann heim til hans.

Koma nú til athugunar framangreindir áverkar, er fundust á Karli eftir töku hans.

Það verður að teljast sennilegt, að áverkana undir 3.—6. tölul. hér að framan, sem allir eru óverulegir, hafi Karl hlotið í viðureigninni við ákærðu. En óupplýst er, að á-kærðu hafi veitt Karli áverkana af ásettu ráði. Verða ákærðu því ekki af þessum ástæðum sakfelldir fyrir þá.

Eftir því sem kom fram við rannsókn málsins, má gera ráð fyrir, að Karl hafi hlotið áverkana undir 1. tölul., er hann féll upp að veggnum í fangelsisportinu, og líkur benda til (ástand Karls eftir fallið samkvæmt framburð-

um ákærðu og fangavarðarins, sem við honum tók), að hann hafi við höfuðhöggið í fallinu fengið heilahristinginn, sem hann síðar reyndist vera með. Það verður ekki talið vitavert gáleysi af ákærðu að sleppa Karli í portinu. Eftir mótspyrnu þeirri, sem hann hafði veitt þeim rétt áður, gátu þeir vænzt þess, að hann gæti staðið óstuddur skamma stund. Bera ákærðu því ekki refsí-ábyrgð á umræddum áverka eða afleiðingum hans.

Að því er snertir áverkann undir 2. lið, bólgugarðinn aftan á hálsi Karls, hefir Valtýr Albertsson læknir látið uppi það álit sitt, að eftir útliti og legu áverkans stafaði hann sennilega af höggi frá einhverjum sívölum og beygjanlegum hlut. Þá telur og Jóhann Sæmundsson læknir áverka þenna hafa komið af völdum einhvers sveigjanlegs og mjúks hlutar, sem ekki hafi verið breiðari en áverkaröndin, en sennilega nokkru mjórri. Báðir lækarnir telja mjög ósennilegt, að áverkinn hafi hlotizt af árekstri á brúnir kistunnar, sem Karl var lagður í. Ákærðu hafa báðir staðfastlega neitað því að hafa barið Karl eða veitt honum á annan hátt umræddan áverka. Og að því leyti sem aðrir en ákærðu voru viðstaddir meðferð þeirra á Karli, hafa þeir sjónarvottar borið, að þeir hafi ekki séð ákærðu berja hann. Aðstoðarfangavörðurinn, er skoðaði hnakka Karls um kvöldið, er ákærðu komu með hann í fangahúsið, sá þá ekki neinn áverka aftan á hálsi hans. Þá athugaði aðalfangavörðurinn, sem hafði vakt morguninn eftir, meiðslið í hnakka Karls eftir beiðni hans, en tók þá ekki eftir neinu meiðsli aftan á hálsinum. Gegn ákveðinni neitun ákærðu um það að vera valdir að umræddum áverka og með því að ekki virðist útilokað, að hann hafi getað orsakazt af öðrum en þeirra völdum, verða ákærðu ekki sakfelldir fyrir hann.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna ákærðu af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 18. kap. hegningarlaganna.

Refsing hinna ákærðu fyrir framangreint brot þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs fyrir ákærða Sigurð og 100 króna sekt til ríkissjóðs fyrir ákærða Þorkel, og komi einfalt fangelsi í 14 daga hjá ákærða Sigurði og í 7 daga hjá ákærða Þorkeli í stað

sektanna, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allan kostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar á meðal málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda þeirra, Péturs Magnússonar hrm.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af önnur við önnur störf.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurður Thórarensen sæti 200 króna sekt til ríkissjóðs og ákærði Þorkell Steinsson sæti 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 14 daga hjá ákærða Sigurði og í 7 daga hjá ákærða Þorkeli í stað sektanna, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði ákærðu in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda þeirra, Péturs Magnússonar hrm.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1940.

Nr. 114/1939. Geir Pálsson

gegn

Garðari Þorsteinssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geir Pálsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.